



Ávarp við opnun danskrar listsýningar í Listasafni ríkisins 7. apríl 1956

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Listasafni ríkisins – Evrópu – Listsýning – Danmerkur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar 1940-1965.
Askja 4-2, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1
Árangrið vit opnum Danstara-
listningum í listafarum
vikisins 7. apríl 1956.
- Mbl. 8. apríl 1956.

Nær allir Íslendingar, er fóru til annara landa að leita sér aukinnar menningar og frama, sóttu öldum saman til Danmerkur. Á síðustu áratugum hefur þetta breyst á þann veg, að menn sækja nú víðar en áður og munu þó fleiri fara frá Íslandi til Danmerkur til náms en nokkurs annars lands.

Menningareinokun eins lands í öðru er eigi hollari en önnur einokun og þess vegna óskum við Íslendingar vissulega þess, að æskumenn okkar afli sér þroska og þekkingar sem víðast. Hitt er víst, að vandfundið er það eitt land annað en Danmörk, sem betra hefði verið að leita til í þessu skyni.

Bismarck, einn þeirra manna á öldinni sem leið, er best þekti hinn stóra heim og aldrei var talinn sérstakur vinur Dana, talar um "das bischen Eurpäertum" - þá ögn af Evrópumennsku - sem sé í Kaupmannahöfn gagnstætt smákongadómnunum Þýzka.

Sá Evrópublær, sem mesti stjórnmálamaður Evrópu á sínum tíma, sagði, að væri á Kaupmannahöfn, gerði einmitt að verkum, að þar opnaðist Íslendingum þeim skiljanlegra en þó rýmra andans svið en þeir hefðu þá getað séð víðast hvar annarsstaðar. Menning Dana stendur á norrænum merg og hefur orðið fyrir miklum áhrifum frá Þýzkalandi, en einmitt til að forðast frá því, að þau yrðu úr hófi, hafa Danir vegið upp á móti þeim með því að afla sér menningarfanga í Miðjarðarhafs-löndunum,

Frakklandi og í hinum engil-saxneska heimi.

Íslendingar hafa því margt getað lært af Dönnum, enda hefur skilningurinn á nauðsyn frelsisins bæði í iðkun lista og vísinda óvísða verið lengur eða betur vakandi en einmitt í Danmörku. En svipað og Danmörk er eins ólíkt land Íslandi og verða má, er lundarfar Dana og Íslendinga með sitt hvorum hætti svo að aldrei hefur verið veruleg hætta á, að íslensk menning yrði dönsk.

Um myndlistina á það við ekki síður en um aðra þætti menningar okkar, að þar eigum við Dönnum mjög mikið að þakka. Segja má, að þeir hafi kent okkur mörg undirstöðuatriðin en á þann veg, að við urðum sjálfstæðir í starfi okkar.

Nú eru viðhorfin að ýmsu leyti breytt en enn er víst, að við höfum mikið af Dönnum að læra, og í viðurkenningu þess og til þakklætis fyrir það, sem liðið er, hefur ríkisstjórn Íslands boðið til þessarar sýningar.